

# Hagnaður N1 696 milljón króna á 2. ársfjórðungi 2018

## Helstu niðurstöður

- EBITDA að undanskildum kostnaði við kaup á Festi nam 1.108 m.kr. á 2F 2018 samanborið við 778 m.kr. á 2F 2017
- Framlegð af vörusölu jókst um 16,1% á 2F 2018 sem skýrist að mestu af hagstæðri þróun á olíuverði heimsmarkaði
- Þróun á heimsmarkaðsverði á eldsneyti hafði jákvæð áhrif á 2F 2018 en þróun á 2F 2017 var óhagstæð
- Selt magn af bensíni og gasolíu minnkaði um 4,1% á 2F 2018 samanborið við 2F 2017
- Umferð á þjóðvegum landsins jókst um 4,0% á milli 2F 2018 og 2F 2017
- Eigið fé var 14.554 m.kr. og eiginfjárlutfall 47,5% í lok 2F 2018

Púsundir króna	2F 2018	2F 2017	Breyt.	% Breyt.	6M 2018	6M 2017	Breyt.	% Breyt.
<b>Rekstrarreikningur</b>								
Framlegð af vörusölu	3.244.834	2.795.744	449.090	16,1%	5.527.118	5.100.987	426.130	8,4%
Aðrar rekstrartekjur	123.584	98.732	24.853	25,2%	229.088	201.489	27.599	13,7%
EBITDA	1.076.975	768.254	308.721	40,2%	1.477.499	1.289.259	188.240	14,6%
EBIT	822.607	525.923	296.684	56,4%	975.262	803.967	171.295	21,3%
EBT	801.514	525.910	275.604	52,4%	890.245	795.059	95.186	12,0%
Hagnaður tímabilsins	671.692	441.205	230.487	52,2%	748.121	666.149	81.972	12,3%
<b>Efnahagsreikningur</b>								
Birgðir					4.027.628	3.166.299	861.329	27,2%
Viðskiptakröfur					3.760.622	3.242.427	518.194	16,0%
Vaxtaberandi skuldir					9.100.000	7.100.000	2.000.000	28,2%
Handbært fé					3.318.979	2.394.175	924.804	38,6%
Nettó vaxtaberandi skuldir					5.832.132	4.736.210	1.095.922	23,1%
<b>Sjóðstreymi</b>								
Handbært fé frá rekstri	1.135.821	1.392.859	-257.038	-18,5%	969.789	1.229.186	-259.397	-21,1%
Fjárfestingarhreyfingar	-111.957	-2.552	-109.405	4287,0%	-275.300	-173.235	-102.065	58,9%
Fjármögnunarhreyfingar	-104.114	-845.466	741.352	-87,7%	-190.146	-941.221	751.075	-79,8%
Handbært fé í lok tímabils	3.318.979	2.394.175	924.804	38,6%	3.318.979	2.394.175	924.804	38,6%
<b>Lykiltölur</b>								
EBITDA/framlegð	33,2%	27,5%	5,7%	20,8%	26,7%	25,3%	1,5%	5,8%
Eiginfjárlutfall					47,5%	46,4%	1,1%	2,4%
Laun/framlegð	38,1%	42,2%	-4,0%	-9,5%	42,2%	44,0%	-1,8%	-4,1%
Hagnaður á hlut	2,79	1,76	1,03	58,3%	3,09	2,66	0,43	16,2%
Arðsemi eigin fjár					10,6%	10,8%	-0,2%	-1,9%
Fjárfestingar	-302.733	-203.836	-98.897	-48,5%	-473.314	-404.267	-69.047	17,1%
Veltuhraði birgða	8,45	7,81	0,64	8,2%	7,94	6,97	0,97	13,9%

## Rekstur annars ársfjórðungs

Púsundir króna	2F 2018	2F 2017	Breyt.	% Breyt.	6M 2018	6M 2017	Breyt.	% Breyt.
<b>Rekstrarreikningur</b>								
Framlegð af vörusölu	3.244.834	2.795.744	449.090	16,1%	5.527.118	5.100.987	426.130	8,4%
Aðrar rekstrartekjur	123.584	98.732	24.853	25,2%	229.088	201.489	27.599	13,7%
Laun og annar starfsmannakostnaður	-1.237.296	-1.178.497	58.798	5,0%	-2.331.470	-2.243.621	87.849	3,9%
Sölu- og dreifingarkostnaður	-580.756	-567.463	13.293	2,3%	-1.048.081	-989.901	58.180	5,9%
Annar rekstrarkostnaður	-473.392	-380.261	93.131	24,5%	-899.156	-779.694	119.461	15,3%
EBITDA	1.076.975	768.254	308.721	40,2%	1.477.499	1.289.259	188.240	14,6%

EBITDA á 2F 2018 var 1.077 m.kr. samanborið við 768 m.kr. á 2F 2017 en kostnaður við kaup á Festi var 31 m.kr. á 2F 2018 og 10 m.kr. á 2F 2017. Aukning í framlegð af vörusölu skýrist að mestu af hagstæðri þróun á heimsmarkaðsverði með olíu en á sama tímabili 2017 var þróunin óhagstæð. Samningsbundnar launahækkanir skýra hærri launa- og starfsmannakostnað á öðrum ársfjórðungi 2018 miðað við sama tímabil 2017. Hækkun í öðrum rekstrarkostnaði má rekja að mestu til kostnaðar við kaup á FESTI og aukningar í niðurfærslu á viðskiptakröfum.

## Tekjur á öðrum ársfjórðungi

Púsundir lítra / velta í öðrum vörum í púsundum króna	2F 2018	2F 2017	Breyt.	% Breyt.	6M 2018	6M 2017	Breyt.	% Breyt.
Selt magn - bensín	13.556	15.631	-2.075	-13,3%	24.523	28.272	-3.749	-13,3%
Selt magn - gasolía	26.089	25.710	379	1,5%	46.612	45.265	1.347	3,0%
Selt magn - heild án JET	53.907	58.670	-4.763	-8,1%	97.001	99.857	-2.856	-2,9%
Velta annarra vara	2.949.467	2.876.095	73.372	2,6%	5.330.558	5.171.723	158.835	3,1%
Framlegð eldsneytis	1.869.300	1.438.066	431.234	30,0%	3.086.029	2.670.189	415.840	15,6%
Framlegð annarra vara	1.375.535	1.357.678	17.857	1,3%	2.441.089	2.430.798	10.291	0,4%

Selt magn án JET minnkaði um 8,1% á 2F 2018 samanborið við 2F 2017. Selt magn af bensíni og gasolíu minnkaði um 4,1% á milli 2F 2018 og 2F 2017. Þróun á heimsmarkaðsverði olíu skýrir að framlegð á seldan lítra eldsneytis á 2F 2018 er hærri en á 2F 2017 ásamt veikingu á ISK gagnvart USD. Heimsmarkaðsverð á bensíni hækkaði um 10,4% á 2F 2018 og verð á gasolíu hækkaði um 10,5% á sama tímabili á meðan verð á bensíni lækkaði um 9,8% og gasolíu um 7,0% á sama tímabili 2017. Velta annarra vara jókst um 2,6% á 2F 2018 samanborið við 2F 2017.

## Rekstrarkostnaður á öðrum ársfjórðungi

Þúsundir króna	2F 2018	2F 2017	Breyt.	% Breyt.
Launa- og starfsmannakostnaður	-1.237.296	-1.178.497	58.798	5,0%
Sölu- og dreifingarkostnaður	-580.756	-567.463	13.293	2,3%
Annar rekstrarkostnaður	-473.392	-380.261	93.131	24,5%

Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf lækkar um 1,4% og var 547 á 2F 2018 en var 555 á 2F 2017. Samningsbundnar launahækkunir skýra hærri launa- og starfsmannakostnað á öðrum ársfjórðungi 2018 miðað við sama tímabil 2017. Sölu- og dreifingarkostnaður var 2,3% hærri á 2F 2018 heldur en á 2F 2017 vegna meiri sölu í flugeldsneyti á fjórðungnum. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 24,5% á 2F 2018 miðað við 2F 2017 en hækkunin er að mestu tilkomin vegna kostnaðar við kaup á FESTI sem var 31 m.kr. á 2F 2018 og 10 m.kr. á 2F 2017 og hækkunar á niðurfærslu á viðskiptakröfum.

## Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur voru hærri á 2F 2018 en á sama tímabili árið á undan. Fjármagnsgjöld eru hærri á 2F 2018 samanborið við 2F 2017 vegna hærri langtímalána. Gengishagnaður vegna þróunar á gengi USD var 43 m.kr. á 2F 2018 en á 2F 2017 var gengistap 16 m.kr. Afkoma hlutdeildarféлага var lægri á 2F 2018 en á 2F 2017.

Þúsundir króna	2F 2018	2F 2017	Breyting	% Breyting
Fjármunatekjur	16.436	13.282	3.154	23,7%
Fjármagnsgjöld	-107.128	-101.491	5.637	5,6%
Gengismunur	42.686	-16.197	58.883	-363,5%
Áhrif hlutdeildarféлага	29.142	104.982	-75.840	-72,2%
Gangvirðisbreyting hlutabréfa	-2.228	-588	-1.640	278,7%
Samtals	-21.093	-13	-21.080	164.688,9%

## Efnahagur og fjárhagsleg staða

Púsundir króna	2F 2018	2F 2017	Breyting	% Breyting
Birgðir	4.027.628	3.166.299	861.329	27,2%
Viðskiptakröfur	3.760.622	3.242.427	518.194	16,0%
Vaxtaberandi skuldir	9.100.000	7.100.000	2.000.000	28,2%
Handbært fé	3.318.979	2.394.175	924.804	38,6%
Nettó vaxtaberandi skuldir	5.832.132	4.736.210	1.095.922	23,1%
Eiginfjárhlutfall	47,5%	46,4%	1,1%	2,4%
Veltuhraði birgða	7,94	6,97	0,97	13,9%

Birgðir hækka um 27,2% á milli 2F 2018 og 2F 2017 vegna aukinna umsvifa í sölu á flugeldsneyti og herra heimsmarkaðsverðs á olíu. Handbært fé hækkar um 38,6% á milli 2F 2018 og 2F 2017 en félagið greiddi ekki arð á árinu 2018 vegna kaupa á Festi. Fjárfestingar á 2F 2018 voru 395 m.kr. Þegar tekið hefur verið tillit til söluverðs seldra rekstrarfjármuna.

## Kaup N1 á Festi

Þann 30. júlí 2018 samþykkti samkeppniseftirlitið kaup N1 hf. á öllu hlutafé í Festi hf. með skilyrðum sem fram koma í sátt sem undirrituð hefur verið á milli N1 og Samkeppniseftirlitsins. Festi rekur matvöruverslanir undir merkjum Krónunnar, Kr, Nóatúns og Kjarvals, raftækjaverslunina ELKO og vöruhóтелиð Bakkann. Yfirtökudagur verður 1. september næstkomandi. Frá og með þeim tíma mun Festi ásamt dótturfélögum sínum verða hluti af samstæðu N1.

Markmið kaupanna er hagræðing í rekstri sem og að veita viðskiptavinum beggja félaga öflugri og betri þjónustu, en miklar breytingar hafa orðið og munu áfram verða á þeim mörkuðum sem þessi fyrirtæki starfa á. Árleg samlegðaráhrif af sameiningu N1 og Festi eru áætluð á bilinu 500 - 600 m.kr. og munu þau koma fram á næstu 12 - 18 mánuðum.

## Horfur í rekstri N1 hf. og EBITDA spá 2018

- Áhrif af fjölgun ferðamanna eru minni en gert var ráð fyrir í upphafi ársins
- Innlendar kostnaðarhækkningar munu hafa áhrif á reksturinn þrátt fyrir lága verðbólgu sem gerir fyrirtækjum á samkeppnismörkuðum eins og þeim sem félagið starfar á erfitt fyrir
- Órói á olíumörkuðum og gengi ISK getur valdið sveiflum á framlegð og fjárbindingu

Í ljósi afkomu 2. ársfjórðungs og fyrirliggjandi upplýsinga um vænta afkomu á 3. ársfjórðungi hefur EBITDA spá félagsins verið hækkuð um 100 m.kr. og gerir hún ráð fyrir að EBITDA muni verða á bilinu 3.600 – 3.800 m.kr. að undanskildum kostnaði við kaupin á Festi hf.

Sú spá byggir á því að olíuverð verði tiltölulega stöðugt og að gengi USD/ISK verði í kringum 107. Rekstur félagsins er sveiflukenndur og fellur stærsti hluti EBITDA til á 2. og 3. ársfjórðungi.

Rekstraráætlun Festi fyrir rekstrarárið sem lýkur 28. febrúar 2019 gerir ráð fyrir að heildarvelta verði 43.000 m.kr. og að EBITDA verði 3.350 m.kr.



29. ágúst 2018

### Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok júní 2018 nam 27,8 milljörðum króna
- Hluthafafundur verður haldinn 25. september kl. 10 í höfuðstöðvum félagsins þar sem á dagskrá verður stjórnarkjör, ný starfskjarastefna, tilnefningarnefnd, ný samkeppnisréttarstefna og tillaga að nýju nafni félagsins

### Kynningarfundur fimmtudaginn 30. ágúst 2018

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn fimmtudaginn 30. ágúst 2018 í höfuðstöðvum N1 að Dalvegi 10 – 14 í Kópavogi 3. hæð. Eggert Kristófersson, forstjóri, mun kynna afkomuna og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 8:30 og verður boðið upp á léttan morgunverð frá kl. 8:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu N1: <http://www.n1.is/um-n1/fjarfestar/> og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

### Fjárhagsdagatal

- Uppgjör 3F 2018: 28. nóvember 2018
- Ársuppgjör 2018: 27. febrúar 2019
- Aðalfundur 2019: 21. mars 2019

Nánari upplýsingar veita Eggert Kristófersson, forstjóri, (eggert@n1.is) og Pétur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, (petur@n1.is).